

Stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals

Fundur nr. 8 Dags. 16.03.2021

Fundarstaður um TEAMS

Mætt eru: Signý Ormarsdóttir, Lárus Heiðarsson, Þórhallur Jóhannsson, Jóhann F. Þórhallsson og Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri. Arna Björg Bjarnadóttir komst ekki, tilkynnti forföll með skömmum fyrirvara.

Dagskrá: Kynningarfundur um ávöxtunarmöguleika.

1. Frá fagfjárfestapjónustu Landsbankans – Vigdís Sif. Hrafnkelsdóttir
2. Frá Íslenskum verðbréfum – Sveinn Pálsson, o.fl.
3. Umræður
4. Önnur mál

Formaður sjóðsins bauð stjórnarmenn velkomna og setti fund kl. 13:00

1. Landsbankinn, Vigdís S. Hrafnkelsdóttir. Eignastýring – Fagfjárfestapjónusta.
Vigdís kom inn með um 30 mín kynningu. Svaraði svo spurningum áður en hún var kvödd.
2. Íslensk verðbréf – Sveinn Pálsson og tveir aðrir. Eignastýring er aðalstarfsemi félagsins. Sveinn og félagar komu inn og héldu kynningu í um 25 mín, svöruðu fyrirspurnum og kvöddu.
3. Umræður.
Kynningarnar tvær ræddar ásamt útfærslum. Málið verður kynnt á næsta sveitarstjórnarfundum.
4. Önnur mál
 - Samþykkt var á síðasta fundi að ganga frá endurskoðuðum samningi um vörslu sjóðsins og aðkomu Austurbrúar. Rætt um mögulega gerð þríhliða samnings milli Austurbrúar, Fljótsdalshrepps og Samfélagssjóðs. Áætlað að það taki lengri tíma en áætlað var í upphafi. Stefnt er að því að ganga frá samningi og hann undirritaður á Ársfundi Samfélagssjóðs. Formaður sjóðsins leiðir málið í samstarfi við oddvita og sveitarstjóra Fljótsdalshrepps annars vegar og framkvæmdastjóra Austurbrúar hinsvegar.
 - Samþykkt að fresta Ársfundi Samfélagssjóðs til 29. apríl 2021.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:40

Ásdís Helga ritaði

Undirritun fundargerðar